

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1445/2007

2014/EES/64/46

frá 11. desember 2007

um sameiginlegar reglur um veitingu grunnupplýsinga um jafnvirðisgengi og útreikning og miðlun á því (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

3) Aðildarríki eru hvött til að leggja fram gögn um svæðisbundið jafnvirðisgildi.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

4) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1083/2006 frá 11. júlí 2006 um almenn ákvæði um Byggingaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu og Samheldnisjóðinn⁽⁴⁾ er kveðið á um að svæðin, sem teljast eiga rétt á að fá styrk úr þróunarsjóðum samkvæmt markmiði um samleitni, skulu vera svæði sem svara til 2. þreps í sameiginlegri flokkun hagskýrslusvæða, í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1059/2003 frá 26. maí 2003 um að taka upp sameiginlega flokkun hagskýrslusvæða (NUTS)⁽⁵⁾. Verg landsframleiðsla á mann á slíkum svæðum, mæld út frá jafnvirðisgildi og reiknuð á grundvelli framleiðslutalna í Bandalaginu, fyrir tímabilið 2000 til 2002 er undir 75% af vergri meðallandsframleiðslu ESB-25 fyrir sama viðmiðunartímabil. Ef svæðisbundið jafnvirðisgildi er ekki fyrir hendi skal innlent jafnvirðisgildi notað til að setja saman skrá yfir svæði sem geta notið góðs af þróunarsjóðum. Nota má innlent jafnvirðisgildi til að ákvarða fjárhæðina sem hverju svæði er úthlutað.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins⁽¹⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í því skyni að fá beinan samanburð á vergri landsframleiðslu aðildarríkjanna, sem gerð er upp í magni, er nauðsynlegt fyrir Bandalagið að hafa jafnvirðisgildi sem upprættir mun á verðlagi í aðildarríkjunum.

5) Í reglugerð (EB) nr. 1083/2006 er kveðið á um að aðildarríki, sem teljast eiga rétt á að fá styrk úr samstöðusjóði, skuli vera þau sem hafa verga landsframleiðslu á mann, sem er mæld miðað við jafnvirðisgildi og reiknuð á grundvelli framleiðslutalna í Bandalaginu fyrir tímabilið 2001 til 2003, sem er minni en 90% af meðalþjóðartekjum ESB-25 og sem hafa áætlun um að uppfylla skilyrði um efnahagslega samleitni sem um getur í 104. gr. sáttmálans.

2) Nauðsynlegt er að jafnvirðisgildi í Bandalaginu sé unnið í samræmi við samræmda aðferðafræði, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Bandalaginu⁽³⁾ þar sem mælt er fyrir um ramma fyrir gerð þjóðhagsreikninga í aðildarríkjunum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 336, 20.12.2007, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 21.8.2008, bls. 29.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 318, 23.12.2006, bls. 45.⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 26. apríl 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 13. nóvember 2007.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 310, 30.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1267/2003 ((Stjtið. ESB L 180, 31.10.2003, bls. 1).⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 210, 31.7.2006, bls. 25. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. 1989/2006 ((Stjtið. ESB L 411, 30.12.2006, bls. 6).⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 154, 21.6.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 105/2007 ((Stjtið. ESB L 39, 10.2.2007, bls. 1).

- 6) Í 1. gr. XI. viðauka við starfsmannareglur embættismanna Evrópubandalaganna, sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68 ⁽¹⁾ (hér á eftir nefndar „starfsmannareglur“) er kveðið á um, að því er varðar endurskoðunina sem kveðið er á um í 1. mgr. 65. gr. starfsreglnanna, að framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skuli taka saman skýrslu fyrir októberlok ár hvert um breytingar á framfærslukostnaði í Brussel, efnahagslega samsvörun milli Brussel og tiltekinnna staða í aðildarríkjunum og breytingar á kaupmætti launa þeirra sem eru í opinberri þjónustu fyrir aðildarríkin.
- 7) Nú þegar safnar framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) að eigin frumkvæði grundvallarupplýsingum um jafnvirðisgildi frá aðildarríkjunum. Það starf er orðið að fastri vöngu í aðildarríkjunum. Lagarammi er þó nauðsynlegur til að tryggja sjálfbæra þróun, framleiðslu og miðlun jafnvirðisgildis.
- 8) Bráðabirgðaniðurstöður skulu áfram gefnar reglulega, eins og gert er nú, til þess að allra nýjustu tölur séu ætíð tiltækar.
- 9) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari reglugerð, ber að samþykka í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽²⁾.
- 10) Einkum ber að fela framkvæmdastjórninni vald til að aðlaga skilgreiningar, aðlaga grunnliðina í II. viðauka og skilgreina gæðaviðmiðanir. Þar eð þessar ráðstafanir eru almennar ráðstafanir og ætlaðar til úrbóta á einstökum atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð, m.a. með viðbótum sem ekki teljast grundvallaratriði, skulu þær samþykktar í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni með athugun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 11) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð til fulls markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á sameiginlegum reglum um að veita grundvallarupplýsingar um jafnvirðisgildi og útreikning á því og dreifingu, hvert í sínu lagi og markmiðin nást þar af leiðandi betur á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna, sbr. 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.
- 12) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽³⁾, í samræmi við 3. gr. þeirrar ákvörðunar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að koma á sameiginlegum reglum um að veita grunnupplýsingar um jafnvirðisgildi og til útreiknings á því og miðlunar.

2. gr.

Gildissvið

1. Veittar grunnupplýsingar skulu vera þau gögn sem nauðsynleg eru til að reikna og tryggja gæði jafnvirðisgildis.

Grunnupplýsingarnar skulu fela í sér verð, vægi útgjalda vergrar landsframleiðslu og aðrar upplýsingar sem eru skráðar í I. viðauka.

Gögnum skal safnað með þeirri lágmarkstíðni sem kveðið er á um í I. viðauka. Gagnasöfnun skal einungis vera tíðari ef aðstæður eru sérstakar og réttlætanagerar.

2. Jafnvirðisgildi skal reiknað af innlendu verði vara og þjónustu á ársgrundvelli út frá grunnupplýsingum sem varða efnahagssvæði aðildarríkjanna, eins og kveðið er á um í evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfinu í Bandalaginu (hér á eftir nefnt „ESA-‘95“).

3. Jafnvirðisgildi skal reiknað í samræmi við grunnliði í II. viðauka, í samræmi við skylda flokka vergrar landsframleiðslu sem eru skilgreindir í reglugerð (EB) nr. 2223/96.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „jafnvirðisgildi“: fæst með landfræðilegum staðvirðum og gjaldmiðilsbreytum sem eyða áhrifum af mismun á verðlagi aðildarríkjanna og gera þannig kleift að beita magnsamanburði á þætti vergrar landsframleiðslu og samanburði á verðlagi,

b) „kaupmáttarstaðall“: tilbúinn, sameiginlegur viðmiðunargjaldmiðill sem notaður er í Evrópusambandinu til að tilgreina efnahagsstærð fyrir landfræðilegan samanburð með þeim hætti að verðmun milli aðildarríkjanna verði eytt,

c) „verð“: það kaupverð sem neytendur greiða,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 56, 4.3.1968, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB, KBE) nr. 1895/2006 ((Stjtið. ESB L 397, 30.12.2006, bls. 6).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB ((Stjtið. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

- d) „vægi útgjalda“: hluti útgjaldaþátta á gangverði vergrar landsframleiðslu,
- e) „grunnliður“: lægsta þrep samantektar á vörum í sundurliðun vergrar landsframleiðslu sem gengi er reiknað fyrir,
- f) „vörur“: vörur eða þjónusta, nákvæmlega skilgreind til notkunar í verðmælingum,
- g) „raunhúsaleiga og húsaleiguígildi“: hafa sömu merkingu og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1722/2005 ⁽¹⁾,
- h) „laun og launatengd gjöld“: hafa sömu merkingu og í reglugerð (EB) nr. 2223/96,
- i) „tímabundnir leiðréttingarstuðlar“: stuðlar sem notaðir eru til að leiðrétta meðalverð sem er í gildi þegar könnun er gerð á meðalverði á ársgrundvelli,
- j) „landfræðilegir leiðréttingarstuðlar“: stuðlar sem eru notaðir til að aðlaga meðalverð, sem er í gildi á einum stað eða fleiri á efnahagssvæði aðildarríkis, að meðalverði hvers aðildarríkis,
- k) „lýsandi vörur“: þær vörur sem eru eða eru taldar vera, meðal mikilvægustu varanna sem keyptar eru á innlendum mörkuðum með tilliti til hlutfallslegra heildarútgjalda innan grunnliðar,
- l) „lýsandi vísar“: merki eða aðrir vísar til að auðkenna þær vörur sem aðildarríkin hafa valið sem lýsandi,
- m) „jafnlýsandi“: eiginleiki sem þörf er á þegar tekin er saman skrá yfir vörur fyrir grunnlið svo að hvert aðildarríki geti verðlagt þann fjölda lýsandi vara í réttu hlutfalli við misleitni varanna og verðlag sem grunnliðirnir taka til og útgjalda þess að því er varðar grunnliðina,
- n) „gagnvirkni“: eiginleiki þar sem beinn samanburður á einhverjum tveimur aðildarríkjum gefur sömu niðurstöðu og óbeinn samanburður fyrir milligöngu einhvers annars aðildarríkis,
- o) „mistök“: að notaðar séu rangar grunnupplýsingar eða notkun á reikningsaðferðinni hafi ekki átt við,
- p) „viðmiðunarár“: það almanaksár sem sérstakar árlegar niðurstöður vísa til,

- q) „stöðugleiki“: það að jafnvirðisgildi sem upphaflega er reiknað fyrir hóp aðildarríkja helst milli þeirra aðildarríkja þótt síðar verði reiknað jafnvirðisgildi fyrir stærri hóp aðildarríkja.

4. gr.

Hlutverk og ábyrgð

1. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal bera ábyrgð á:
 - a) að samræma veitingu grunnupplýsinga,
 - b) að reikna og birta jafnvirðisgildi,
 - c) að tryggja gæði jafnvirðisgildis í samræmi við 7. gr.,
 - d) að þróa og miðla þeirri aðferðafræði í samráði við aðildarríkin,
 - e) að tryggja að aðildarríkin hafi tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöður útreiknings á jafnvirðisgildi áður en þær eru birtar og að tilhlýðilegt tillit verði tekið til slíkra athugasemda og
 - f) að semja og dreifa aðferðafræðihandbókinni sem um getur í lið 1.1 í I. viðauka.

2. Aðildarríki skulu fylgja málsmeðferðinni sem tilgreind er í I. viðauka þegar þau veita grunnupplýsingar.

Aðildarríki skulu skila skriflegu samþykki um niðurstöður könnunarinnar, sem þau bera ábyrgð á, þegar vinnsluferli við staðfestingu gagna er lokið, eins og tilgreint er í lið 5.2 í I. viðauka, innan eins mánaðar.

Aðildarríki skulu samþykkja aðferðir við öflun gagna og kanna sennileika gagna, þ.m.t. grunnupplýsingar sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) lætur í té.

5. gr.

Afhending grunnupplýsinga

1. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) þær grunnupplýsingar sem skráðar eru í I. viðauka í samræmi við gildandi Bandalagsákvæði um afhendingu gagna.

2. Afhenda skal grunnupplýsingarnar, sem eru skráðar í I. viðauka, með tæknilegu sniði og innan þess tíma sem tilgreindur er í þeim viðauka.

3. Í þeim tilvikum sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) lætur aðildarríkjunum í té grunnupplýsingar skal framkvæmdastjórnin afhenda aðferðayfirlit til að aðildarríkin geti annast sennileikakönnun.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1722/2005 frá 20. október 2005 um meginreglur um mat á húsæðisþjónustu að því er varðar reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (Stjtið. ESB L 276, 21.10.2005, bls. 5).

6. gr.

Hagskýrslueiningar

1. Grunnupplýsingarnar, sem eru skráðar í I. viðauka, skulu annaðhvort fengnar úr hagskýrslueiningum samkvæmt skilgreiningu í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93⁽¹⁾ eða frá öðrum heimildum þar sem upplýsingarnar uppfylla þær kröfur sem tilgreindar eru í lið 5.1 í I. viðauka. Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni tegund hagskýrslueiningarinnar eða heimildarinnar við afhendingu gagnanna.

2. Hagskýrslueiningarnar, sem aðildarríkin hvetja til að hafi samvinnu um öflun upplýsinga eða gagnasöfnunar, skulu leyfa eftirlit með verði sem sett er upp í raun og skulu veita áreiðanlegar og ítarlegar upplýsingar á þeim tíma sem þeirra er óskað.

7. gr.

Gæðaviðmiðanir og -eftirlit

1. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) og aðildarríkin skulu koma á kerfi fyrir gæðastjórnun sem byggist á skýrslum og mati eins og tilgreint er í lið 5.3 í I. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna), að beiðni hennar, í té allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta gæði grunnupplýsinganna sem skráðar eru í I. viðauka.

Aðildarríkin skulu einnig gefa framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) upplýsingar og ástæður síðari breytinga á þeim aðferðum sem eru notaðar eða frávika frá aðferðafræðihandbókinni sem tilgreind er í I. viðauka.

3. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) í té gæðaskýrslur um kannanir sem þau bera ábyrgð á, eins og tilgreint er í 5. þætti I. viðauka.

4. Mælt skal fyrir um þær sameiginlegu viðmiðanir sem gæðastjórnunin byggist á og uppbyggingu gæðaskýrslanna, sem um getur í lið 5.3 í I. viðauka, í samræmi við stjórnsýslumeðferð með athugun sem um getur í 3. mgr. 11. gr.

8. gr.

Tíðni

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal reikna jafnvirðisgildi fyrir hvert almanaksár.

9. gr.

Miðlun

1. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal birta lokaniðurstöður á ársgrundvelli eigi síðar en

36 mánuðum eftir að viðmiðunarári lýkur.

Birtingin skal byggjast á gögnum sem eru tiltæk framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) eigi síðar en þremur mánuðum fyrir birtingardaginn.

Ekkert í þessari málsgrein skal hafa áhrif á rétt framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) til að birta bráðabirgðaniðurstöður áður en 36 mánuðir eru liðnir frá lokum viðmiðunarársins og framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal veita almenningi aðgang að þeim, m.a. á vefsíðu sinni.

2. Niðurstöðurnar, sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) birtir samanteknar fyrir hvert aðildarríki, skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

a) jafnvirðisgildi á stigi vergrar landsframleiðslu,

b) jafnvirðisgildi fyrir neysluútgjöld einkaheimila og einkaneyslu í raun,

c) verðvísitölur miðað við meðaltal í Bandalaginu og

d) verga landsframleiðslu, neysluútgjöld einkaheimila og einkaneyslu að raungildi miðað við tölur á mann á jafnvirðisgildi.

3. Ef niðurstöður eru reiknaðar fyrir stærri hóp landa skal jafnvirðisgildi aðildarríkjanna samt sem áður haldast í samræmi við stöðugleikaregluna.

4. Venjulega skal ekki endurskoða endanlegt jafnvirðisgildi sem hefur verið birt.

Ef um er að ræða mistök sem falla undir 10. þátt I. viðauka skal birta leiðréttar niðurstöður í samræmi við málsmeðferðina sem þar er mælt fyrir um.

Í undantekningartilvikum skulu almennar endurskoðanir framkvæmdar ef magnvísitala vergrar landsframleiðslu fyrir eitthvert aðildarríki breytist meira en um eitt prósentustig, vegna breytinga á grundvallarhugtökum ESA-‘95 sem hafa áhrif á niðurstöður jafnvirðisgildisútreikninga.

10. gr.

Leiðréttingarstuðlar

Þess er ekki krafist að aðildarríki skuldbindi sig til að gera kannanir einungis í því skyni að fastsetja leiðréttingarstuðla sem nota á við starfskjör og lífeyri embættismanna Bandalagsins og annarra starfsmanna í samræmi við starfsmannareglurnar.

11. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðslukerfi Bandalagsins (Stjtið. EB L 76, 30.3.1993, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8.°gr. hennar.

12. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar ákvæðum þessarar reglugerðar, þ.m.t. ráðstafanir um að taka til greina efnahagslegar og tæknilegar breytingar, skulu samþykktar, að því marki að þær feli ekki í sér óhóflega aukningu á kostnaði fyrir aðildarríkin, eins og mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr.

2. Samþykkja skal eftirfarandi ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari reglugerð í samræmi við stjórnsýslumeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.:

- a) skilgreining á nokkrum lágmarkskröfum til þess að gögnin séu eins samanburðarhæf og lýsandi og nauðsynlegt er og tilgreint er í liðum 5.1 og 5.2 í I. viðauka,
- b) skilgreining á nákvæmum kröfum að því er varðar aðferðafræðina sem á að nota eins og tilgreint er í I. viðauka og
- c) að fastsetja og aðlaga nákvæmar lýsingar á efni grunnliða, að því tilskildu að þær verði áfram samhæfðar ESA-‘95 eða öðru nýrra kerfi.

3. Eftirfarandi ráðstafanir, sem er ætlað að breyta þeim þáttum þessarar reglugerðar sem ekki teljast grundvallaratriði, m.a. með því að bæta við hana nýjum þáttum, skulu samþykktar í samræmi við stjórnsýslumeðferðina með athugun sem um getur í 3. mgr. 11. gr.:

- a) breytingin á skilgreiningunum,

- b) breytingin á skrá yfir grunnliði (eins og tilgreint er í II. viðauka), og

- c) skilgreiningin á gæðaviðmiðunum og uppbyggingu gæðaskýrslna, samkvæmt 4. mgr. 7. gr.

13. gr.

Fjármögnun

1. Aðildarríkin skulu fá fjárframlag frá framkvæmdastjórninni sem nemur að hámarki 70% af kostnaði sem er styrkhæfur samkvæmt fjárstyrksreglum framkvæmdastjórnarinnar.

2. Ákveða ber fjárstuðning sem lið í árlegri fjárlagagerð Evrópusambandsins. Fjárveitingavald skal ákvarða fjárveitingu fyrir hvert ár.

14. gr.

Endurskoðun og skýrslugjöf

Ákvæði þessarar reglugerðar skulu endurskoðuð fimm árum eftir gildistöku hennar. Hún skal, ef við á, endurskoðuð, á grundvelli skýrslu og tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem hún leggur fyrir Evrópuþingið og ráðið.

15. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. desember 2007.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. LOBO ANTUNES

forseti.

I. VIÐAUKI

AÐFERÐAFRÆÐI

1. AÐFERÐAFRÆÐIHANDBÓK OG VINNUÁÆTLUN

- 1.1. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) leggur fram aðferðafræðihandbók að höfðu samráði við aðildarríkin, þar sem er lýst aðferðum, sem notaðar eru á mismunandi stigum þegar jafnvirðisgildi er tekið saman, þ.m.t. aðferðirnar til að meta grunnupplýsingar sem vantar og gengi sem vantar. Aðferðafræðihandbókin verður ávallt endurskoðuð þegar umtalsverð breyting er gerð á aðferðafræðinni. Í henni kunna nýjar aðferðir að verða innleiddar til að auka gæði gagna, draga úr kostnaði eða minnka álagið á afhendingaraðila gagna.
- 1.2. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) mun gera vinnuáætlun fyrir 30. nóvember ár hvert og í samráði við aðildarríkin fyrir næsta almanaksár, með tímaáætlun fyrir lýsingu á þeim grunnupplýsingum sem þörf er á fyrir viðkomandi ár og hvenær þær eru lagðar fram.
- 1.3. Í hinni árlegu vinnuáætlun verður ákvarðað með hvaða sniði aðildarríkin leggi fram gögn og aðrar aðgerðir sem eru nauðsynlegar til að hægt sé að reikna og birta jafnvirðisgildi.
- 1.4. Hægt er að endurskoða grunnupplýsingarnar, sem eru afhentar samkvæmt lið 1.2, en niðurstöður fyrir viðmiðunarárið verða reiknaðar út frá fyrirbyggjandi upplýsingum samkvæmt tímaáætluninni sem tilgreind er í 9. gr. Ef upplýsingar vantar eða þær eru ekki tiltækar á þeim degi mun framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) áætla þær grunnupplýsingar sem vantar.
- 1.5. Ef aðildarríki leggur ekki fram fullnægjandi grunnupplýsingar skal það tilgreina ástæðu þess að upplýsingar vantar, hvenær það muni leggja fram fullnægjandi upplýsingar eða, ef við á, hvers vegna það getur ekki veitt fullnægjandi upplýsingar.

2. GRUNNUPPLÝSINGAR

2.1. Grunnupplýsingaliðir

Að því er varðar þessa reglugerð skulu grunnupplýsingar, skv. 2. og 4. gr., og lágmarksafhendingatíðni nýrra gagna vera sem hér segir:

Grunnupplýsingar	Lágmarkstíðni
Vægi útgjalda vegna vergrar landsframleiðslu ⁽¹⁾	Árlega
Raunhúsaleiga og húsaleiguígildi ⁽²⁾	Árlega
Laun og launatengd gjöld	Árlega
Tímabundnir leiðréttingarstuðlar	Árlega
Verð á neysluvörum og þjónustu og skyldum lýsandi vísam	3 ár ⁽³⁾
Verð á tækjum og búnaði	Þrjú ár
Verð á byggingarframkvæmdum	Þrjú ár
Landfræðilegir leiðréttingarstuðlar	6 ár

⁽¹⁾ Þetta vægi skal vera í samræmi við lágsta stig fyrirbyggjandi samtalna úr þjóðhagsreikningum. Ef umbeðnar upplýsingar eru ekki tiltækar getur aðildarríkið áætlað eftir bestu getu um það sem vantar.

⁽²⁾ Nota má upplýsingar um fjölda íbúða, eins og er lýst í aðferðafræðihandbókinni, í stað verðupplýsinga í tilvikum þar sem upplýsingar um raunhúsaleigu vantar eða þær eru tölfraðilega óáreiðanlegar, sbr. reglugerð (EB) nr. 1722/2005.

⁽³⁾ Með lágmarkstíðni er átt við hve oft upplýsingar eru lagðar fram um tiltekinn vöruflokk, í tengslum við viðvarandi könnunarferli.

2.2. Aðferð við að afla grunnupplýsinga

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) mun, að teknu tilliti til álits aðildarríkjanna, taka ákvörðun um heimildir og afhendingaraðila gagna sem nota skal fyrir hvern grunnupplýsingalið sem getið er hér að framan. Ef framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) fær grunnupplýsingar frá afhendingaraðila gagna, öðrum en aðildarríki, skal sá síðarnefndi leystur undan skuldbindingum þeim sem settar eru fram í liðum 5.1.4 til 5.1.13.

3. MEÐALVERÐ INNANLANDS

3.1. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. má takmarka gagnasöfnun við einn eða fleiri staði innan efnahagssvæðisins. Slik gögn má nota fyrir útreikning á jafnvirðisgildi að því tilskildu að þeim fylgi viðeigandi landfræðilegir leiðréttingarstuðlar. Slíkir landfræðilegir leiðréttingarstuðlar verða notaðir til að laga könnunargögn á viðkomandi stöðum að því sem eru lýsandi meðalverð innanlands.

3.2. Landfræðilegir leiðréttingarstuðlar verða afhentir á stigi grunnliða. Þeir skulu ekki vera eldri en sex ára á viðmiðunartímabili könnunarinnar.

4. MEÐALVERÐ Á ÁRSGRUNDEVELLI

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. má takmarka gagnasöfnun við tiltekið tímabil. Slik gögn má nota fyrir útreikning á jafnvirðisgildi að því tilskildu að þeim fylgi viðeigandi, tímabundnir leiðréttingarstuðlar. Slíkir tímabundnir leiðréttingarstuðlar verða notaðir til að laga könnunargögn á því tímabili að þeim gögnum sem eru lýsandi fyrir meðalverð á ársgrundvelli.

5. GÆÐI

5.1. Lágmarkskröfur um grunnupplýsingar

5.1.1. Skrár yfir vörur, sem á að verðleggja, verður með þeim hætti að í henni eru vörur með eiginleika sem tryggja sambærileika milli landa.

5.1.2. Skráin yfir vörur sem á að verðleggja verður með þeim hætti að hvert aðildarríki getur gefið upp a.m.k. eina lýsandi vöru sem hægt er að verðleggja í a.m.k. einu öðru aðildarríki fyrir hvern grunnlið.

5.1.3. Skrá yfir vörurnar verður með þeim hætti að hún komist sem næst því að vera jafnlýsandi svo að hvert land verður að verðleggja a.m.k. eina lýsandi vöru í hverjum grunnlið og þá lýsandi vöru skal verðleggja í a.m.k. einu öðru landi.

5.1.4. Hvert aðildarríki verðleggur vörur í samræmi við lýsingarnar í vöruskránni.

5.1.5. Hvert aðildarríki mun verðleggja nægilegan fjölda vara innan hvers grunnliðar sem er tiltækur á markaðinum jafnvel þótt þær teljist ekki lýsandi fyrir þann grunnlið.

5.1.6. Hvert aðildarríki leggur til verð fyrir a.m.k. eina lýsandi vöru innan hvers grunnliðar. Lýsandi varan verður auðkennd með lýsandi vísi.

5.1.7. Hvert aðildarríki mun taka saman nægilegan fjölda af verðskrár fyrir hverja vöru sem er verðlögð til að tryggja áreiðanlegt meðalverð á vöru með tilliti til markaðsgerðar.

5.1.8. Tegundir sölustaða verða valdar með það fyrir augum að endurspegla á fullnægjandi hátt innlent neyslumynstur í aðildarríkinu að því er varðar viðkomandi vöru.

5.1.9. Sölustaðir verða valdir með það fyrir augum að endurspegla á fullnægjandi hátt neyslumynstur íbúa staðarins og vöruframboð.

5.1.10. Hvert aðildarríki mun sjá framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) fyrir gögnum um laun og launategd gjöld vegna valinna starfsgreina, með vísun í liðinn Opinber yfirvöld (S 13) samkvæmt skilgreiningu í ESA-’95.

- 5.1.11. Hvert aðildarríki mun láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) í té tímabundna leiðréttingarstuðla sem gera kleift að reikna jafnvirðisgildi miðað við verð sem er tekið saman á tilteknum tíma og endurspeglar á fullnægjandi hátt meðalverðlag á ársgrundvelli.
- 5.1.12. Hvert aðildarríki mun sjá framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) fyrir landfræðilegum leiðréttingarstuðlum sem gera kleift að reikna jafnvirðisgildi miðað við verð sem er tekið saman á tilteknum stöðum og endurspeglar á fullnægjandi hátt innlent meðalverðlag á ársgrundvelli.
- 5.1.13. Hvert aðildarríki mun sjá framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) fyrir vægi að því er varðar hvern grunnlið eins og tilgreint er í II. viðauka sem endurspeglar útgjaldamynstur í aðildarríkinu fyrir viðmiðunarárið.

5.2. Lágmarksstaðlar fyrir fullgildingu á niðurstöðum verðkönnunar

- 5.2.1. Hvert aðildarríki mun áður en það sendir gögn til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) láta fara fram endurskoðun á gildi gagna á grundvelli:

- hámarks- og lágmarksverðs,
- meðalverðs og fráviksstuðuls,
- fjölda verðlagðra vara í grunnlið,
- fjölda verðlagðra, lýsandi vara í grunnlið, og
- fjölda verðathugana á vöru.

- 5.2.2. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) sér aðildarríkjunum fyrir rafeindatæki með reikniriti sem þarf fyrir lið 5.2.1.

- 5.2.3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) mun, ásamt aðildarríkjunum, annast staðfestingu á gildum áður en niðurstöður fást úr könnuninni, sem byggist á vísun, m.a.:

fyrir hvern grunnlið:

- fjöldi vara sem eru verðlagðar í hverju landi,
- fjöldi vara sem fá lýsandi vísi í hverju landi,
- verðlagsvísitala,
- niðurstöður fyrri könnunar sem tekur til sömu grunnliða og
- verðlagsvísitölur með tilliti til jafnvirðisgildis fyrir hvert land.

Fyrir hverja vöru:

- fjöldi verðtalna sem er fylgst með í hverju landi og
- fráviksstuðlar fyrir:
 - i. meðalverð í innlendum gjaldmiðli,
 - ii. verðlagsvísitölur með tilliti til jafnvirðisgildis og
 - iii. verðlagsvísitölur með tilliti til jafnvirðisgildis fyrir hvert land.

- 5.2.4. Áður en niðurstöður jafnvirðisgildis fást á samtölustigi mun framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) annast staðfestingu á gildum samkvæmt vísun, þ.m.t.:

á stigi vergrar heildarlandsframleiðslu og helstu samtalna hennar:

- samræmi í vægi útgjalda vegna vergrar landsframleiðslu og áætlaðs íbúafjölda við birt gögn,
- samanburður á magnvísitölum á mann fyrir yfirstandandi og fyrri útreikninga og
- samanburður á verðlagsvísunum fyrir yfirstandandi og fyrri útreikninga.

Fyrir hvern grunnið:

- samanburður á vægishlutföllum vergrar landsframleiðslu fyrir yfirstandandi og fyrri útreikninga og
- áætluð gögn sem vantar, ef við á.

5.3. Skýrslugjöf og mat

- 5.3.1. Hvert aðildarríki mun halda saman gögnum með ítarlegri lýsingu á því með hvaða hætti þessari reglugerð hefur verið framfylgt. Þessi gögn verða aðgengileg framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) og hinum aðildarríkjunum.
- 5.3.2. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) mun meta útreikning á jafnvirðisgildi í hverju aðildarríki á sex ára fresti. Í matinu, sem er áætlað á ársgrundvelli og felst í árlegu vinnuáætluninni, verður kannað hvort farið sé að reglugerð þessari. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) tekur saman skýrslu, byggða á matinu, og verður almenningi veittur aðgangur að henni, m.a. á vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar.
- 5.3.3. Skömmu eftir hverja könnun á neysluverði gefur viðkomandi aðildarríki framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) skýrslu með upplýsingum um hvernig könnunin fór fram, í samræmi við 3. mgr. 7. gr. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) mun láta hvert aðildarríki fá samantekt á þessum skýrslum.

6. AÐFERÐ VIÐ KÖNNUN Á NEYSLUVERÐI

- 6.1. Aðildarríkin munu annast verðkannanirnar samkvæmt vinnuáætluninni.
